

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Hæðargarður 34, Reykjavík
Tími: 27. mars 2008, kl. 20 – 22.45
Viðstaddir: Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)
Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK), stoppaði stutt
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE); Hannes Siggason (HS) formaður
Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)
Frá Keldudal: Auðunn Oddsson (AO)

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (Umsj.: Ritari / EK).
- 2) Upplýsingar frá brautafundum vegna GPS-mælinga (Umsj.: Brautastjórar/SMK; EK; KK; ERS; HE).
- 3) Undirbúningur aðalfundar sem haldinn verður 3. apríl 2008 að Elliðavatni.

*****Kaffihlé*****

- 4) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (Umsj.: HE).
 - 5) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj.. HE).
 - 6) Heimasíða félagsins (Umsj.. ERS)
 - 7) Önnur mál (Allir)
-

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Ritari (EK) las upp fundargerðir tveggja síðustu stjórnarfunda sem voru samþykktar og undirritaðar af fundarmönnum.

2. Upplýsingar frá brautafundum vegna GPS-mælinga.

Undirritaðar ljósmyndir af brautunum hafa borist formanni. Undirritun vantar frá einum landnema (Albrecht) í Hlíðarbraut. Mun ERS reyna að ná sambandi við hann. Almennum félagsfundi til kynningar á GPS-mælingum og aðalfundi 2008 verður slegið saman 3. apríl nk. HS, HE og Elín frá Landnotum kynntu framkvæmdastjóra SR mælingarnar 28. feb. sl. og samþykkti hann þær. Þá kynnti HE mælingarnar fyrir stjórn SR 5. mars sl. og samþykkti stjórnin þær einnig.

ERS hafði samband við HG, framkvæmdastjóra SR, vegna tengsla Magnúsar Skarphéðinssonar við Fellsmörk. HG taldi ekki nauðsynlegt að hann hefði samband við Magnús vegna málsins. Spilda Magnúsar í Hlíðarbraut hefur verið mæld.

3. Undirbúningur aðalfundar sem haldinn verður 3. apríl 2008 að Elliðavatni.

HS lagði fram dagskrá aðalfundar félagsins sem hefur verið send öllum félagsmönnum og fór yfir hana. SMK óskaði eftir að félagatal með upplýsingum um heimilisföng, símanúmer og tölvupóstföng félagsmanna yrði látið ganga á aðalfundinum og fundarmenn beðnir að færa inn og leiðrétta þær upplýsingar eftir þörfum. EK mun taka skrána saman.

Fundarmenn voru því sammála að leggja beri áherslu á það, á aðalfundinum, að útskýra síðasta undirlið í 6. liðar aðalfundarins, þ.e. hvert framhald þinglýsingarferlisins verði eftir að GPS-mælingar hafa verið samþykktar. Landnemasamningar verði látnir gilda til ársins 2038 eins og samningur SR og landbúnaðarráðuneytisins kveður á um.

4 Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda.

HE talaði við Gylfa Júlíusson hjá Landgræðslunni í dag. Þar á bæ er verið að safna saman styrkumsóknum. HE talar aftur við hann í enda næstu viku.

5. Fréttir af stjórnarstörfum SR.

Síðasti stjórnarfundur SR var 5. mars sl. Mest var fjallað um rekstur félagsins og ársskýrslu fyrir væntanlegan aðalfund í byrjun apríl. HE bað um sundurliðun reksturs vegna Fellsmerkur og kynnti fyrir fundarmönnum á fundinum, þ.e. Fellsmerkurfélagsins, á yfirstandandi fundi. Annars var fjallað á stjórnarfundum SR um málefni Hólmsheiðar og nauðsyn þess að verja Heiðmörk fyrir ágangi hestamanna.

6. Heimasíða félagsins.

ERS upplýsti að umferðarmæling á heimasíðunni væri óvirk. Þyrfti að mæla hana fyrir aðalfundinn.

7. Önnur mál.

HS hefur sótt um plöntur til gróðursetningar næsta sumar og er sótt um sama skammt og í fyrra. Stefnt er að sameiginlegum plöntunardegi laugardaginn 21. júní 2008.

Fundi slitið kl. 22.45.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: